

Brýnið

9. árg. 3. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Nóv. 2004

FUNDARBOÐ

Aðalfundur **Félags áhugamanna um tréskurð** verður haldinn í kaffiteríu ÍSÍ að Engjavegi 6, Rvk. (við hliðina á Laugardalshöllinni) **þriðjudagskvöldið 23. nóvember n.k. kl. 19:30.**

Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf skv. 8. grein samþykta félagsins:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar.
2. Skýrsla formanns og stjórnar.
3. Stjórn leggur fram ársreikning félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Önnur mál.
8. Kaffihlé.
9. Sýndar verða nýfengnar teikningar félagsins, frá Halldóri Vilhelmssyni, Elsu Þóru og fleirum. Myndir, bækur og myndbönd.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn og taka með sér nýja féлага. Fundarkaffi í boði félagsins. Mætum öll.

Stjórnin.

Frá formanni

Haustið hefur gengið í garð með einkennum þeirrar árstíðar. Margur útskurðarmaðurinn tekur þá meira til hendinni en endranær og býr til sín hagleiksverk.

Stjórn félagsins hélt nýlega stjórnarfund, þar sem m.a. var ákveðið að halda aðalfund félagsins 23. nóvember og hafa hann tvískiptan að þessu sinni. Fundurinn hefst með

hefðbundnum aðalfundarstörfum en að þeim loknum verður bóka-og myndbandasýning ásamt því að sýndar verða þær teikningar sem félaginu hefur áskotnast á árinu.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn, ræða félagsstarfið, koma með nýjar hugmyndir og taka með sér féлага.

Eftir áramótin eru áform um m.a. að heimsækja Þjóðminjasafnið og hafa sérstakan fund um höfðaletrið og stofna til samkeppni um útskurðarteikningar, en þessa er getið annarsstaðar í Brýninu. Hin árlega sýning félagsmanna var haldin í byrjun maí og var hún vel sótt, en hún á sér fastan sess í starfsemi félagsins á vorin.

Nýlega hitti ég frænku mína Vilborgu Ísleifsdóttur sem var með eftirfarandi vísu á hraðbergi, en hún er þannig:


Úti í horni í einum hnút
ætla ég þér að vera.
Verður þér ekki vísað út
viljirðu koma að skera.

Gaman væri að vita hvort einhverjir félagsmenn þekkja vísuna og höfund hennar.

Félagmenn góðir, takið virkan þátt í starfsemi félagsins í vetur.

Með kveðju,

Vilhjálmur Siggeirsson



Teiknisamkeppni.

Félag áhugamanna um tréskurð efnir til teiknisamkeppni, **teikning fyrir útskurð**.

Teikningin þarf að vera ætluð fyrir útskurð, ný, frumsamin og þannig úr garði gerð, að hægt sé að vinna eftir henni.

Teikningin sé merkt með dulnefni og fylgi nafn teiknarans með í lokuðu umslagi merktu sama dulnefni. Hvoru tveggja **skal skila** í lokuðu umslagi til Friðgeirs Guðmundssonar, Melalind 12, 201 Kópavogi, **fyrir 1. mars 2005**.

Veitt verða þrenn verðlaun, en áskilinn er réttur til að falla frá veitingu einstakra verðlauna ef ekki koma inn ásættanlegar teikningar. Skipuð verður 3. manna dómnefnd.

Félagsmenn eru hvattir til að taka upp blýantinn og byrja **að teikna**. Fyrirhugað er að sýna þær teikningar, sem fá viðurkenningu, á vorsýningu félagsins.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Birkihlíð 32,

105 Reykjavík

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð

<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Friðgeir Guðmundsson,
Melalind 12
201 KÓPAVOGUR

